

Nd.

482. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Aftan við 70. gr. laganna bætist:

5. Nú hefur samkomulag náðst um bætur, og skal þá jarðareiganda skylt að leita um það samþykkis sveitarstjórnar þess sveitarfélags, sem jörðin tilheyrir. Neiti sveitarstjórnin að staðfesta samkomulagið, skal mat fara fram.
6. Nú verða landspjöll af völdum miðlunarvirkis, og skal þá þriggja manna nefnd hafa á hendi varðveislu bótafjárins og eftirlit með því, að fénu sé varið lögum samkvæmt. Nefndin skal skipuð þannig: einn skal tilnefndur af þeim landeigendum, sem fyrir landspjöllunum hafa orðið, annar af hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, ef svo hagar til, að landspjöll frá sama vatnsvirki ná til jarða í fleiri hreppum, en þriðja manninginn tilnefnir Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin hefur reikningshald geymslufjárins og starfar undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins, sem endurskoðar reikninga nefndarinnar.
7. Bótum, sem greiddar eru vegna landspjalla af völdum miðlunarvirkja, má aðeins verja til umbóta á þeim jörðum, er fyrir skeimmdum hafa orðið. Bætur þessar skulu afhentar sem geymslufé áður greindri nefnd, er ávaxtar það á tryggum stað og greiðir það eigendum þess eftir því, sem umbótum á jörðinni miðar áfram. Hver jörð heldur séreign sinni í geymslufénu, og fylgir það jörðinni, sé hún seld eða henni ráðstafað á annan hátt. Þessi ákvæði taka þó ekki til þeirra jarða, er vegna landspjalla eða af öðrum ástæðum eru taldar lítt byggilegar eða óbyggilegar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þegar svo hagar til, er jarðareiganda heimilt að verja bótafé sínu til þess að koma upp nýbýli á hentugum stað innan sama sveitarfélags eða til umbóta á eldra býli í sama sveitarfélagi, allt í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nefnd þá, er áður greinir.
8. Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnaði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri, og á hann þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.
9. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 5.—8. málsg. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan vatnalögin voru sett, 1923, hafa tvö stór orkuver verið reist, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, bæði án vatnsmiðlunarvirkja, og af þeim hafa ekki hlotizt teljandi landspjöll. Þriðja orkuverið er í smíðum, Skeiðsfossvirkjunin, og í sambandi við hana er fyrirhuguð allmikil vatnsmiðlun, sem eyðileggur eða stórspillir mörgum jörðum. — Í vatnalögunum er svo fyrir mælt, að þegar ráðherra hefur ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu, séu landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að láta af hendi lönd sín og mannvirki og þola hvers konar takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi.

Með ákvæðum þessum er leitast við að tryggja framkvæmdir til almenningsþarfa og jafnframt, að hinn aðilinn, einstaklingarnir, fái skaða sinn bættan. Aftur á móti er í vatnalögunum gengið fram hjá þriðja aðilanum, sveitarfélaginu, sem einnig getur átt mikið á hættu. Þessa annmarka á lögunum gætir einkum, þegar framkvæmdir þær, er vatnalögin fjalla um, valda miklum landspjöllum og á mörgum jörðum í sama sveitarfélagi. Þegar þannig fer, er ekki nægilegt, að jarðareigandi fái fullar bætur fyrir tjón sitt. — Ef eigandi slíkrar jarðar er búsettur í öðru sveitarfélagi, hirðir hann bótaféð og lætur ef til vill við það sitja. Nokkur hætta er á, að ábúendur, sem sjá árangur að margra ára striti eyðilagðan með sanþykki og aðstoð þess opinbera, leggi árar í bát, selji leifarnar af jörðum sínum, ef kaupandi fæst, og flytjist burtu með bótaféð til að setjast að í öðru sveitarfélagi, sem ekki hefur orðið fyrir slíkum eða öðrum áföllum. Ef slíku færi fram, sæti sveitarfélagið eftir með meira eða minna eyðilagðar jarðir, sem fáir hirtu um, og lítið eða ekkert handbært fé til að bæta þær. Tjóni sveitarfélags af slíkum aðförum þarf tæplega að lýsa, og fyrir lítið sveitarfélag gæti þetta með fleiru, er þessu fylgir, valdið fjárhagslegu öngþveiti í sveitarfélaginu. Það getur tæplega talizt sæmilegt, að ríkisstjórn leyfi eða fyrirskipi framkvæmdir, sem baka einstökum sveitarfélögum stórtjón, án þess að tryggja hagsmuni þeirra á nokkurn hátt. En eins og löggjöfinni er nú háttað, virðast sveitarfélögin standa varnarlaus gagnvart þessu, t. d. þegar um vatnsmiðlun er að ræða.

Tilgangur okkar flutningsmanna með þessu frv. er að bæta úr þessu, reyna að tryggja hag sveitarfélaganna, án þess að gera jarðareigendum beinlínis tjón eða veruleg óþægindi.